

L Ö G

um breyting á lögum nr. 61/1947, um váttryggingarfélög fyrir fiskiskip.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 19. gr. laganna bætist:

Sama gildir um ábyrgðarupphæð samkvæmt 208. gr. siglingalaga, ef sú upphæð fer fram úr váttryggingarupphæð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 26. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Árið 1963 skulu vinningar í happdrættum eftirtalinna félaga vera undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum nema eignarskatti:

Styrktarfélags vangefinna,

Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra,

Sjálfshjargar — landssambands fatlaðra,

Krabbameinsfélags Íslands og sambandsfélaga þess,

Blindrafélagsins,

Geðverndarfélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.